

## Skýrsla

### fjármálaráðherra um viðskipti með aflaheimildir, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Með beiðni (á þskj. 495) frá Jóhanni Ársælssyni og fleiri alþingismönnum er þess óskað að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um viðskipti með aflaheimildir á síðustu fjórum árum. Í skýrslunni skyldi koma skýrt fram hvaða viðskiptahættir hafi tíðkast með aflahlutdeildir og aflamark og hvernig skattalega meðferð verðmæti fái í þeim viðskiptum. Verði í þeim tilgangi leitað eldri upplýsinga ef þörf krefur.

Auk þess sem að framan er getið er í beiðni þingmannanna jafnframt að finna nánari lýsingu á því sem fram á að koma í skýrslu fjármálaráðherra og er skýrslan unnin í samræmi við þá skiptingu.

Leitað var eftir upplýsingum frá sjávarútvegsráðuneyti og Fiskistofu svo og embætti ríkisskattstjóra um vinnslu skýrslunnar og fylgja svör þessara aðila með skýrslunni sem fylgiskjöl. Jafnframt var horft til svars sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um flutning veiðheimilda fiskveiðiárin 2003/2003 og 2004/2005 sem lögð var fram fyrr á þessu löggjafarþingi (272. mál).

Við vinnslu skýrslunnar kom fljótlega í ljós að ýmsum vandkvæðum var bundið að afla þeirra upplýsinga sem um var beðið eins og nánar er vikið að síðar. Jafnframt virðist gæta ákveðins misskilnings um hlutverk skattyfirvalda í þessu tilliti. Þrátt fyrir það er leitast við að svara þeim spurningum sem fyrir fjármálaráðherra voru lagðar í umræddri fyrirspurn.

1. Fram komi með hvaða hætti sjávarútvegsráðuneyti, Fiskistofa og aðrar opinberar stofnanir koma að þessum viðskiptum og hvernig milliganga Fiskistofu um viðskipti með þessi verðmæti nýtist skattyfirvöldum til eftirlits. Fyrir liggur það mat ríkisskattstjóra að tilkynna skuli Fiskistofu verð aflamarks ef flutnings þess milli skipa er óskað. Ætla má að sama regla gildi um flutning aflahlutdeilda. Lagt verði mat á hvort starfshættir Fiskistofu við millifærslur á aflaheimildum auðveldi útgerðum að stunda viðskiptahætti sem ekki samrýmast skattalögum, lögum um virðisaukaskatt og lögum og reglum sem gilda um reikningshald fyrirtækja og ef svo reynist, hvernig úr megi bæta.

Í grófum dráttum má skipta framangreindum lið skýrslubeiðninnar í fjóra hluta. Í fyrsta lagi er spurt um aðkomu opinberra aðila, s.s. sjávarútvegsráðuneytis, Fiskistofu og annarra opinberra aðila, að viðskiptum með aflaheimildir. Í öðru lagi er spurt um nýtingu skattyfirvalda á upplýsingum frá Fiskistofu um aflaheimildir við skatteftirlit. Í þriðja lagi er vitnað í „mat ríkisskattstjóra að tilkynna skuli Fiskistofu verð aflamarks“. Í fjórða lagi er óskað eftir mati á starfsháttum Fiskistofu við millifærslur á aflaheimildum frá sjónarhóli skattalaga og laga um reikningshald fyrirtækja.

Samkvæmt gildandi lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, annast Fiskistofa flutning aflahlutdeildar og aflamarks milli fiskiskipa, sbr. 6. mgr. 11. gr. og 12. gr. laganna, sem finna má í fylgiskjölum með skýrslunni. Sá aðili sem óskar eftir flutningi lætur Fiskistofu í té upplýsingar um magn aflamarks, auk upplýsinga um verð, nema þegar aflamark er flutt á milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila. Tilkynningu um flutning aflamarks skal fylgja staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar þess skips sem aflamarkið er flutt til, um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Flutningur aflamarks öðlast ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann.

Fiskistofa birtir daglega aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á. Skylda til að tilkynna verð aflamarks var sett með lögum nr. 34/2001, um kjaramál fiskimanna o.fl., og tók gildi 1. júní árið 2001. Sé verð, í tilkynningu um færslu aflamarks milli skipa í eigu tveggja eigenda, langt undir því sem almennt gerist, óskar Fiskistofa eftir skriflegum útskýringum áður en flutningur aflamarks er staðfestur. Ekkert ákvæði í gildandi lögum heimilar Fiskistofu að hafna flutningi aflamarks á þeim grundvelli að verð sé með einhverjum hætti óeðlilegt. Af þessari lýsingu sést að eini opinberi aðilinn sem hefur beina aðkomu að viðskiptum með aflaheimildir er Fiskistofa á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, en þau lög eru á ábyrgð sjávarútvegsráðherra.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra nýtast þau gögn sem Fiskistofa aflar um viðskipti með aflaverðmæti skattfyrivöldum sjaldnast með beinum hætti til eftirlits. Skatt- eftirlit byggist alla jafna á úrtaki fyrirtækja, þ.e. völdu safni af kennitölum lögaðila í atvinnurekstri, þar sem skattfyrivöld óska eftir upplýsingum, m.a. í formi bókhalds og fylgiskjala, með beinum hætti frá þeim aðila sem eftirlitið beinist að.

Rétt þykir að leiðrétt þann misskilning sem gætir í þriðja hluta þessa liðar skýrslubeiðinnar um að það sé mat ríkisskattstjóra „að tilkynna skuli Fiskistofu verð aflamarks ef flutnings þess milli skipa sé óskað“. Þessi ályktun er dregin af efni ákvarðandi bréfs ríkisskattstjóra til skattstjóra frá 30. júlí 2002, sbr. fylgiskjal III. Í því bréfi er embætti ríkisskattstjóra einungis að áréttu hinar almennu reglur skattalaga varðandi reikningshald hjá sjávarútvegsfyrirtækjum, að viðskipti, þ.m.t. viðskipti með aflaverðmæti, séu færð til bókar á eðlilegu verði, þ.e. gangverði eins og það gerist í viðskiptum óháðra aðila. Í bréfinu bendir embættið skattstjórum m.a. á þann möguleika að nota upplýsingaveitu Fiskistofu við mat á eðlilegu gangverði, enda sé skylt að tilkynna þeirri stofnun, þ.e. Fiskistofu, flutning aflamarks og verð þess. Jafnframt er bent á kvótamiðlun LÍÚ í sama tilgangi. Með öðrum orðum, tilkynningarskylda aðila um verð aflamarks ef flutnings þess milli skipa er óskað, byggist ekki á álit ríkisskattstjóra, heldur lögum nr. 34/2001, um kjaramál fiskimanna o.fl., sem tóku gildi 1. júlí 2001, eins og áður var bent á.

Að lokum er óskað eftir mati á því hvort starfshættir Fiskistofu við millifærslur á aflaheimildum auðveldi útgerðum að stunda viðskiptahætti sem ekki samrýmast skattalögum, lögum um virðisaukaskatt og lögum og reglum sem gilda um reikningshald fyrirtækja. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað séð en starfshættir Fiskistofu samrýmist fyllilega því hlutverki sem henni er ætlað samkvæmt gildandi lögum, sem er að annast flutning aflahlutdeildar og aflamarks milli skipa, jafnframt því að safna og skrá upplýsingar um magn og verð afla og aflaheimilda óháð þörf annarra aðila, s.s. skattfyrivalda, um gangverð í slíkum viðskiptum. Eins og bent hefur verið á geta upplýsingar Fiskistofu um verð í viðskiptum með aflaverðmæti verið leiðbeinandi fyrir skattfyrivöld við mat á því hvað sé eðlilegt gangverð í slíkum viðskiptum. Út frá því sjónarhorni er vitaskuld brýnt að þær upplýsingar sem fyrir

liggja hjá Fiskistofu gefi glögga mynd af stöðu þessara mála. Á hinn bóginn dregur upplýsingaskylda sjávarútvegsfyrirtækja gagnvart Fiskistofu ekkert úr þeirri sjálfstæðu upplýsingaskyldu sem sömu aðilar hafa gagnvart skattfyrivöldum á grundvelli skattalaga og laga um bókhald og gerð ársreikninga, hvort heldur um er að ræða álagningu skatta eða skatteftirlit.

2. *Leitt verði í ljós hvernig útgerðir bókfæra verðmæti aflahlutdeilda í einstökum tegundum og hvort brögð séu að því að aflahlutdeildir séu fluttar milli útgerða á verði sem vikur frá gildandi markaðsverði. Efsvo reynist verði leitast við að leggja mat á það hve mikið vanti á að heildarverðmæti séu skráð á markaðsverði í þessum viðskiptum og hvort viðskiptin samrýmist lögum.*

Samkvæmt svörum frá embætti ríkisskattstjóra er ekki að finna í gögnum skattfyrivalda upplýsingar af því tagi sem hér er beðið um. Til þess að hægt væri að upplýsa nánar um þær matsaðferðir sem útgerðarfyrirtæki beita gagnvart einstökum tegundum þyrfti aðgang að og könnun á bókhaldi og fylgiskjölum þeirra fyrirtækja sem um ræðir. Slíkt er ekki á færi ráðuneytisins. Sama gildir um það atriði hvort aflahlutdeildir séu fluttar milli útgerða á verði sem vikur frá gildandi markaðsverði. Af því leiðir að engar upplýsingar eru fyrirbyggjandi um það hvort og þá hversu mikið vanti á að heildarverðmæti umræddra viðskipta séu skráð á markaðsverði í þessum viðskiptum og hvort viðskiptin samrýmist lögum.

Þess má þó geta að í eftirlitsáætlun ríkisskattstjóra fyrir árið 2004 sem lögð er til grundvallar við skatteftirlit einstakra skattstjóra eru eftirliti með sjávarútvegsfyrirtækjum gerð nokkur skil. Þar er m.a. lagt til að viðskipti með aflamark og aflahlutdeild verði könnuð sérstaklega, með hliðsjón af áður nefndu bréfi ríkisskattstjóra um viðskipti með sjávarafla og aflamark frá 30. júlí 2002. Framkvæmd þessarar áætlunar hefur hins vegar dregist nokkuð, enda afar umfangsmikil, og liggja niðurstöður hennar því enn ekki fyrir.

Í þessu sambandi þarf einnig að hafa í huga að skattfyrivöld hafa víðtækar lagaheimildir til að vikja til hliðar formlegum gjörningum uppfylli þeir ekki skilyrði skattalaga um eðlilegt gangverð í viðskiptum milli óskyldra aðila, sbr. 57. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, um óvenjuleg skipti í fjármálum.\* Þessar heimildir ná jafnt yfir fyrirtæki í sjávarútvegi sem og fyrirtæki í annarri starfsemi. Í þeim tilvikum ákvæða skattstjórar skattverð viðskiptanna og getur sú ákvörðun haft veruleg áhrif á skattheimtu, einkum tekjuskatt. Áhrif slíkrar ráðstöfunar eru alla jafna minni hvað virðisaukaskattinn varðar, enda fæst innskattur fiskvinnslu sem myndar útskatt hjá útgerðinni endurgreiddur að langmestu leyti vegna vsk-undanþágu útflutnings.

3. *Skodað verði hvort brögð séu að því að viðskiptum með aflahlutdeildir sé blandað saman við önnur viðskipti, t.d. með fisk, skip eða búnað, og hvort markaðsverð aflahlutdeilda, fiskis eða annarra verðmæta kunni að vera rangt metið í slíkum viðskiptum. Efsvo reynist skal leitast við að leggja mat á hve mikið vanti á að heildarverðmæti sé rétt skráð í þess-*

---

\* 57. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Ef skattaðilar semja um skipti sín í fjármálum á hátt sem er verulega frábrugðinn því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum skulu verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattaðilans en gera það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna.

Kaupi skattaðili eign á óeðlilega háu verði eða selji eign á óeðlilega lágu verði geta skattfyrivöld metið hvað telja skuli eðlilegt kaup- eða söluverð. Mismun kaupverðs eða söluverðs annars vegar og matsverðs hins vegar skal telja til skattskyldra tekna hjá þeim aðila sem slíkra viðskipta nýtur.

*um viðskiptum og hvort lög og/eða samningar við sjómenn um hlutaskipti séu brotin með þeim.*

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þarf að aðgreina viðskipti með aflahlutdeild frá öðrum viðskiptum, eins og kaupum á skipi eða búnaði. Ástæðan er sú að kaup á aflahlutdeild er ófyrnanleg eign, sbr. 48. gr. umræddra laga, en fjárfestingar í formi skipa eða búnaðar ber að fyrna samkvæmt ákvæðum sömu laga. Viðskipti með hvorn þátt um sig skal færa á markaðsvirði og miða skattuppgjör við það.

Frá embætti ríkisskattstjóra fást þau svör að upplýsingar af því tagi sem hér er beðið um sé ekki að finna í gögnum skattfyrvalda. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 2. lið skýrslubeiðninnar, sbr. umfjöllun hér að framan.

*4. Leitt verði í ljós hvernig útgerðir bókfæra verðmæti aflamarks í einstökum tegundum og hvort brögð séu að því að aflamark sé flutt milli útgerða á verði sem vikur frá gildandi markaðsverði þeirra. Ef svo reynist skal leitast við að leggja mat á það hve mikið vanti á að heildarverðmæti séu skráð á markaðsverði í þessum viðskiptum og hvort viðskiptin samrýmast lögum.*

Hér er spurt um sambærileg atriði og í 2. lið skýrslubeiðninnar að öðru leyti en því að hér er horft á viðskipti með aflamark en ekki aflahlutdeild.

Samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu er skilgreining hugtaksins *aflamark* aflaheimild skips í tegund á tilteknu veiðitímabili en hugtakið *aflahlutdeild* er hlutfall af leyfilegum afla fiskveiðiárs sem kemur til úthlutunar. Flutningur aflamarks á skip eykur aflaheimildir þess á því veiðitímabili sem stendur yfir þegar flutningurinn á sér stað. Fluttar aflaheimildir á skip auka hins vegar aflaheimildir skipsins varanlega frá og með næsta veiðitímabili eftir að aflahlutdeildin er flutt á skipið.

Samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, er Fiskistofu falið að safna og skrá upplýsingar um magn og verð afla og magn aflaheimilda til þess að ná því markmiði með stjórn fiskveiða að laga aflann að afrakstursgetu fiskstofna. Verð aflaheimilda var hins vegar aðeins skráð að hluta í stuttan tíma eða á meðan Kvótapiing starfaði á tímabilinu 1. september 1998 til 31. maí 2001. Eftir að Kvótapiingið var lagt af hefur verið skylt að gefa upp verð *aflamarks* í viðskiptum og annast Fiskistofa skráningu þess. Engin opinber skráning er hins vegar í dag á verðum og verðmæti í viðskiptum með *aflahlutdeild*.

Að öðru leyti er vísað til athugasemda við 2. lið skýrslubeiðninnar, sbr. umfjöllun hér að framan.

*5. Skoðað verði hvort brögð séu að því að viðskiptum með aflamark sé blandað saman við önnur viðskipti, t.d. með fisk eða önnur verðmæti, og hvort markaðsverð aflamarks, fisks eða annarra verðmæta kunni að vera rangt metið í slíkum viðskiptum. Ef svo reynist skal leitast við að leggja mat á það hve mikið vanti á að heildarverðmæti séu skráð í þessum viðskiptum og hvort lög og/eða samningar við sjómenn um hlutaskipti séu brotin með þeim.*


Hér er spurt um sambærileg atriði og í 3. lið skýrslubeiðninnar að öðru leyti en því að hér er horft á viðskipti með aflamark en ekki aflahlutdeild. Varðandi frekari skýringar er því vísað til athugasemda við 3. lið, sbr. umfjöllun hér að framan.

**Fylgiskjal I.****Bréf frá sjávarútvegsráðuneytinu, 21. febrúar 2006.**

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar frá 30. janúar 2006 vegna beiðni sem lögð hefur verið fram á Alþingi um skýrslu um viðskipti með aflaheimildir (þskj. 495-396. mál) Í bréfi fjármálaráðuneytisins er þess farið á leit við ráðuneytið að það láti í té upplýsingar um þá viðskiptahætti sem tíðkast hafa með aflahlutdeildir og aflamark árin 2002-2005.

Samkvæmt gildandi lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, annast Fiskistofa flutning aflahlutdeildar og aflamarks milli fiskiskipa, sbr. 6. mgr. 11. gr. og 12. gr. laganna. Var Fiskistofu falið að gera minnisblað um framkvæmd flutninga aflamarks og aflahlutdeildar og fylgir það hér með. Framkvæmd Fiskistofu hefur verið óbreytt síðan í júní 2001.

F.h.r.



## Minnisblað

Fiskistofa  
26. janúar 2006

Með það að markmiði að laga afla íslenskra skipa að afrakstursgetu fiskstofna hefur Alþingi sett lög um stjórn fiskveiða. Í meginráttum gera löggin ráð fyrir að réttur til veiða hlutgerist í aflamarki sem leiðir af aflahlutdeildum sem bundnar eru skipum. Sjávarútvegsráðherra ákveður leyfilegan afla aflamarksbundinna fisktegunda á hverju veiðitímabili. Aflahlutdeild skips í fisktegund ákvarðar svo hlut þess í leyfilegum afla tegundarinnar á því veiðitímabili. Aflaheimild skips í tegund á veiðitímabili nefnist aflamark.

Heimilt er að flytja aflahlutdeild og aflamark að hluta eða að öllu leyti af einu skipi á annað. Flutningur aflamarks á skip eykur aflaheimildir þess á því veiðitímabili sem stendur þegar flutningurinn á sér stað. Fluttar aflahlutdeildir á skip auka hins vegar aflaheimildir skipsins varanlega frá og með næsta veiðitímabili eftir að aflahlutdeildin er flutt á skipið. (Eykur úthlutað aflamark á næstu veiðitímabilum um sem svarar fluttri aflahlutdeild að því gefnu að leyfilegur afli sem kemur til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar breytist ekki.)

Alþingi fól Fiskistofu að hafa eftirlit með að afli verði ekki meiri en leyfilegur er á hverju veiðitímabili. Í því skyni safnar Fiskistofa upplýsingum um afla íslenskra skipa og skráir hann. Jafnframt skráir Fiskistofa aflaheimildastöðu íslenskra skipa, sér um úthlutun aflamarks til skipanna í upphafi hvers veiðitímabils og framkvæmir tilfærslur aflamarks og aflahlutdeilda milli skipanna. Tilfærsla aflahlutdeilda og aflamarks milli skipa getur ekki átt sér stað án milligöngu Fiskistofu.

Með eftirliti sem Alþingi fól Fiskistofu er stefnt að því að safna og skrá upplýsingar um magn og verð afla og magn aflaheimilda til þess að ná því markmiði með stjórn fiskveiða að laga aflann að afrakstursgetu fiskstofna. Verð aflaheimilda hefur hinsvegar aðeins verið skráð að hluta í stuttan tíma eða frá því Kvótapiing starfaði sem var á tímabilinu 1. september 1998 – 31. maí 2001. Á Kvótapiingi áttu aðilar viðskipti með aflamark flestra helstu aflamarksbundinna tegunda á opinberum tilboðsmarkaði. Eftir að Kvótapiing var lagt af hefur verið skylt að gefa upp verð aflamarks í viðskiptum og Fiskistofa skráir það. Viðskipti með aflamark fara nú fram á frjálsum markaði. Það eru því til upplýsingar hjá Fiskistofu um verð og verðmæti aflamarks á framangreindu tímabili<sup>1</sup> og síðan en engin opinber skráning er eða hefur verið á verðum og verðmæti í viðskiptum með aflahlutdeild.

1. Flutningur aflamarks milli skipa er flokkaður í 4 flokka. Millifærslur aflamarks sem um er fjallað í meðfylgjandi skjölum eru B- og D-færslur sbr. eftirfarandi skilgreiningar:
  - 1.1. A = Flutningur milli skipa í eigu sama aðila
  - 1.2. B = Flutningur milli aðila á sama svæði
  - 1.3. C = Jöfn skipti á tegundum
  - 1.4. D = Flutningur milli aðila á ólíkum svæðum.
2. Aflahlutdeild er hlutfall af leyfilegum afla fiskveiðiárs sem kemur til úthlutunar, þ.e. % af x-stærð

Rétt er að vekja sérstaka athygli á aflahlutdeild og aflamark sem lögaðili eignast með kaupum á skipi. Aflahlutdeild og aflamark sem lögaðilinn eignast með slíkum hætti kemur ekki fram í skráningum Fiskistofu sem millifærsla aflaheimilda. Sama gildir að sjálfsögðu þegar skip með aflaheimildir sem áður voru skráð á mismunandi lögaðila sameinast hjá einum lögaðila undir einni kennitölu o.s.frv.

Núgildandi reglur um flutning aflahlutdeilda milli fiskisipa er að finna í neðangreindum laga- og reglugerðatilvitnunum.

<sup>1</sup> Í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, er ákveðið að skrá verð aflamarks í viðskiptum.

### 11. gr. laga nr.38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum:

*Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki þess við úthlutun í upphafi næsta fiskveiðisárs eða veiðitímabils þar á eftir, enda hafi aflahlutdeild þess ekki verið flutt til annars fiskiskips.*

*Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað, enda sé fullnægt ákvæðum 3. og 4. mgr. þessarar greinar.*

*Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests.*

*Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skv. 3. mgr. þessarar greinar skal hún þegar gefa útgerðaraðilum, sem heimilisfesti eiga í sveitarfélaginu, kost á að kaupa skipið og skal opinberlega leita tilboða í það.*

*Sé skipi ráðstafað andstætt ákvæðum þessarar greinar um forkaupsrétt getur forkaupsréttarhafi krafist þess að salan verði ógild enda sé málsókn hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um sölu. Forkaupsréttur gildir ekki sé skip selt á opinberu uppboði. Ákvæði þessarar greinar um forkaupsrétt gilda ekki við sölu opinna báta.*

*Heimilt er að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti enda leiði flutningur aflahlutdeildar ekki til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Krókaaflahlutdeild verður aðeins flutt til báts sem er undir 15 brúttótonnum, enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki. Tafarlaust skal leita staðfestingar Fiskistofu á að flutningur aflaheimildar sé innan heimilaðra marka. Óðlast slíkur flutningur ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Ekki er heimilt að framselja þann hluta aflahlutdeildar skips, sem rekja má til uppboða samkvæmt ákvæði 1 til bráðabirgða, fyrr en að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara, enda hafi skipi, sem framselt er af, verið haldið til veiða allt það tímabil.*

### 11. gr. reglugerðar nr. 724/2005, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2005/2006:

*Flutningur á aflahlutdeild milli fiskiskipa skal tilkynna Fiskistofu skriflega fyrirfram. Krókaaflahlutdeild verður aðeins flutt til báts sem hefur veiðileyfi með krókaaflamarki og er undir 15 brúttótonnum. Eigandi þess skips, sem aflahlutdeildin er flutt frá, skal undirrita beiðni um flutning. Við flutning á aflahlutdeild skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá auk skriflegs samþykkis eftirgreindra aðila: a. aðila er þinglýst samningsveð áttu í skipinu 1. janúar 1991, b. aðila, sem eiga þinglýsta kvöð á skipinu þar sem kveðið er á um að framsal aflahlutdeildar sé óheimilt án samþykkis kvaðarhafa, c. þinglýst samþykki þeirra aðila, sem eiga þinglýst samningsveð í skipinu frá og með 1. janúar 1998.*

*Flutningur aflahlutdeildar óðlast ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Aldrei er heimilt að flytja aflahlutdeild milli skipa, leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.*

*Umsóknir um flutning aflahlutdeildar milli fiskiskipa ásamt fullnægjandi fylgigögnum skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. júlí 2006. Berist umsókn eftir 31. júlí 2006, hefur flutningur aflahlutdeildar ekki áhrif á úthlutun aflamarks fiskveiðiárið 2006/2007.*

*Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila eða í eigu tengdra aðila ekki nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en sem hér segir: Þorskur 12%, karfi 35%, ýsa, ufsi, grálúða, síld, loðna og úthafsækja 20%. Um takmörkun á yfirráðum einstakra aðila yfir aflahlutdeild vísast að öðru leyti til 11. gr. a og 11. gr. b í lögum nr. 38/1990.*

*Fyrir staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeildar og krókaaflahlutdeildar milli skipa skal eigandi þess skips sem flutt er frá greiða kr. 1.800,-.*

Í ofangreindum laga- og reglugerðartilvitnunum er ekki kveðið á um að þeir aðilar sem tilkynna flutning aflahlutdeilda til Fiskistofu skuli tilgreina verðmæti þeirra aflahlutdeilda sem fluttar skuli.

Núgildandi reglur um flutning aflamarks milli fiskisipa er að finna í neðangreindum laga- og reglugerðartilvitnunum.

## 12. gr laga nr.38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum:

*Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki er heimilt að flytja aflamarkið milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.*

*Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks og öðlast hann ekki gildi fyrr en stofnunin hefur staðfest flutninginn. Í tilkynningu skulu m.a. koma fram upplýsingar um magn aflamarks sem flytja skal, auk upplýsinga um verð, nema þegar aflamark er flutt á milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.*

*Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin skrá upplýsingar um flutning aflamarksins samkvæmt tilkynningu þar að lútandi. Ráðherra skal með reglugerð ákveða í hvaða formi tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks skuli vera. Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu gjald að fjárhæð 2.000 kr. með hverri tilkynningu. Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggji samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Hann skal uppfylla kröfur Verðlagsstofu skiptaverðs sem gerðar eru samkvæmt ákvæðum, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.*

*Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.*

*Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips í samræmi við verðmætahlutföll þeirra, sbr. 19. gr. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á.*

*Teffist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.*

*Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips, sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað. Í þessu sambandi skal aflamark metið í þorskígildum á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda, sbr. 19. gr. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna breytinga á skipakosti útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur um skilyrði flutningsins.*

*Krókaaflamark verður aðeins flutt til báts sem er undir 15 brúttótonnum, enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki.*

## 10. gr. reglugerðar nr. 724/2005, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2005/2006:

*Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki, er heimilt að flytja aflamarkið á milli fiskiskipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Krókaaflamark verður aðeins flutt til báts, sem hefur veiðileyfi með krókaaflamarki og er undir 15 brúttótonnum.*

*Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki sem skipi er úthlutað. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings aflamarks vegna breytinga á skipakosti viðkomandi útgerðar eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns.*

*Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks á eyðublaði sem Fiskistofa gefur út og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um nöfn og skipaskrárnúmer þeirra skipa sem aflamark er flutt á milli og magn aflamarks, auk upplýsinga um verð aflamarks nema skipin séu í eigu sama aðila. Eigandi og útgerðaraðili þess skips sem aflamarkið er flutt frá skulu undirrita og leggja fram tilkynningu um flutning og skal tilkynningin einnig vera undirrituð af útgerðaraðila þess skips sem aflamarkið er flutt til.*



*Tilkynningu um flutning aflamarks skal fylgja staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggja samningur útgerðar og áhafnar þess skips sem aflamarkið er flutt til, um fiskverð til viðmiðunar hlutskiptum. Skal sá samningur uppfylla kröfur sem Verðlagsstofa skiptaverðs gerir skv. ákvæðum laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna með síðari breytingum. Telji Verðlagsstofa skiptaverðs að gildissvið laga nr. 13/1998 nái ekki yfir viðkomandi skip, skal staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs lúta að því.*

*Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu flutningsgjald að fjárhæð kr. 2.000,- með hverri tilkynningu. Þá skal útgerð greiða kr. 4.500,- hafi komið til skeytasendingar Fiskistofu til útgerðar og skipstjóra skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 57/1996, með síðari breytingum. Gjaldþagi reiknings er við útgáfu reiknings og eindagi er 15 dögum síðar. Gjaldið er óendurkræft. Hafi reikningur ekki verið greiddur á eindaga er Fiskistofu heimilt að stöðva fekari flutning aflamarks frá og til viðkomandi fiskiskips.*

*Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.*

*Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.*

Skylda til tilkynningar um verð aflamarks var sett með lögum 34/2001, um kjaramál fiskimanna og fleira, og tók gildi 1. júní 2001.

Fiskistofa lítur svo á að hlutverk hennar sé fyrst og fremst að skrá upplýsingar um verð aflamarks sem fram kemur frá tilkynnanda og birta upplýsingar á vef stofnunarinnar eftir því sem heimilt er samkvæmt upplýsingalögum.

Sé verð, í tilkynningu um færslu aflamarks milli skipa í eigu tveggja eigenda, bersýnilega langt undir því sem almennt er, ekkert eða örfáar krónur, er óskað eftir skriflegum útsýringum og að þeim fengnum er flutningur aflamarks staðfestur. Tekið skal fram að Fiskistofu er ekki heimilt samkvæmt lögum að hafna flutningi aflamarks á þeim grundvelli að verð sé með einhverjum hætti óeðlilegt.

## Fylgiskjal II.

### **Bréf frá ríkisskattstjóra, 28. febrúar 2006.**

#### **Skýrsla um viðskipti með aflaheimildir**

Með bréfi dags. 30. janúar sl. er óskað eftir svörum og greinargerð frá embætti ríkisskattstjóra um þær skattareglur sem lúta að viðskiptum með aflaheimildir og um þau atriði önnur sem snerta starfsemi skattfyrvalda og fram koma í beiðni um skýrslu um viðskipti með aflaheimildir, sem komið hefur fram á Alþingi. (þskj. 495-396. mál.)

Áður en vikið er að einstökum liðum í skýrslubeiðninni skal vikið að ákvæðum skattalaga sem snerta kaup og sölu á aflaheimildum. Í lögum um tekju- og eignaskatt eru engin sérstök ákvæði sem að þessu lúta önnur en þau sem um getur í 48. gr. tekjuskattslaganna, sem kveða á um að með kaup á varanlegri aflaheimild og sambærilegum réttindum skuli fara sem kaup á ófyrnanlegum réttindum. Samkvæmt því ákvæði er ekki heimild að fyrna kaupa á aflahlutdeild en við sölu á fyrnanlegum réttindum telst til skattskyldra tekna mismunur á söluverði þeirra og því verði sem gefið var við kaupin. Að öðru leyti gilda um þessi viðskipti almenn ákvæði skattalaganna m.a. um verð og verðákveðnar í samskiptum tengdra aðila þar sem meginreglan er sú að í slíkum viðskiptum skuli miðað við almennt gangverð. Í lögum um virðisaukaskatt eru ekki sérstök ákvæði að þessu leyti en öll almenn ákvæði þeirra laga eiga við um þessi viðskipti m.a. ákvæði um skattverð. Að lokum skal minnst á lög um bókhald og ársreikninga en samkvæmt þeim lögum skal ársreikningur félags sýna glögga og rétta mynd af starfsemi félagsins og verður að álíta að undir það falli að verðlagning í viðskiptum tengdra aðila sé færð til baka með eðlilegum hætti.

Í fyrsta lið skýrslubeiðinnar er óskað eftir upplýsingum um það með hvaða hætti opinberir aðilar koma að viðskiptum með aflaheimildir og hvernig milliganga Fiskistofu með þessi viðskipti nýtist skattayfirvöldum til eftirlits. Er m.a. tekið svo til orða að fyrir liggja það mat ríkisskattstjóra að tilkynna skuli fiskistofu um verð aflamarks ef flutning milli skipa sé óskað.

Við þennan lið skal fyrst bent á að skylda til að tilkynna flutning á aflamarki á milli skipa byggir ekki á kröfu skattfyrvalda heldur á ákvæðum laga um fiskveiðistjórnun. Hvað varðar afskipti skattfyrvalda af viðskiptum með aflaheimildir þá eru þau í engu frábrugðin afskiptum skattfyrvalda af annari starfsemi fyrirtækja. Skattayfirvöld gera kröfu um að þau viðskipti séu talin fram og gefin upp til skatts eftir sömu reglum og almennt gilda um starfsemi fyrirtækja. Við eftirlit með framkvæmdum er sömuleiðis beitt almennum reglum og er þá m.a. leitað upplýsinga hjá fyrirtækjunum og eftir atvikum öðrum aðilum svo sem

Fiskistofu um þau atriði er þurfa þykir að upplýsa.


Þá er í skýrslubeiðninni einnig farið fram á að leitt verði í ljós hvernig útgerðir bókfæra aflahlutdeild í einstökum tegundum og hvort brögð séu á því að aflahlutirnir séu fluttir milli útgerða á verði sem vikur frá gildandi markaðsverði. Ennfremur að leitast verði við að leggja mat á það hve mikið vanti á að heildarverðmæti sé skráð á markaðsverði í þessum viðskiptum og hvort viðskiptin standist lög.

Hvað aðkomu skattyfirvalda að þessum lið skal benda á að upplýsingar um þau atriði sem um er spurt er ekki að finna í gögnum skattyfirvalda. Þau fá í hendur og til úrvinnslu skattframtöl fyrirtækja og ársreikninga þeirra. Þessi gögn bera ekki með sér þær upplýsingar sem eftir er leitað. Til þess að upplýsa um það þyrfti að kalla eftir bókhaldi og fylgiskjöllum allra viðkomandi fyrirtækja. Augljóst er að slíkt verkefni er langtum umfangsmeira en svo að skattyfirvöld geti sinnt því. Ennfremur verður að draga í efa heimildir skattyfirvalda til að krefjast slíkra upplýsinga og framkvæma slíka vinnu sé hún ekki beinlínis í þeim tilgangi að kanna réttmæti skattskila.

Eftirlit skattyfirvalda með þessum fyrirtækjum er með sama hætti og annarri atvinnustarfsemi eins og að framan getur. Þess má geta að í eftirlitsáætlun ríkisskattstjóra 2004 sem liggja til grundvallar eftirlitsstörfum skattstjóra, er eftirlit með sjávarútvegsfyrirtækjum gerð nokkur skil. Í þeirri áætlun var lagt fyrir að kanna sérstaklega aflaverðmæti og viðskipti með aflamark og aflahlutdeild m.a. með hliðsjón af bréfi ríkisskattstjóra um viðskipti með sjávarafla og aflamark frá 30. júlí 2002. Vegna umfangs áætlunarinnar dróst framkvæmd hennar nokkuð og var framlengd til ársins 2005 og liggja endanlegar niðurstöður því ekki fyrir.

Hvað varðar þá spurningu hvort verð í viðskiptum samræmist lögum skal bent á að virðisaukaskattlögin kveða allnáið um tilhögun bókhalds auk þess sem að í þeim er kveðið á um að viðskipti milli tengdra milli aðila skuli miða við almennt gangverð í viðskiptum. Hafa skattstjórar heimild til að víkja formlegum gjörningum til hliðar uppfylli þeir ekki þau skilyrði og ákveða skattverð í viðskiptum á grundvelli laganna. Þess skal þó getið að hvað varðar virðisaukaskatt hefur það í flestum tilvikum lítil áhrif á skattheimtu af viðskiptunum á hvaða verði þau eru færð þar sem kaup fiskvinnslu af útgerð veitir fiskvinnslunni rétt til innskatts

Hvað varðar 3. 4. og 5. lið skýrslubeiðninnar er vísað til athugasemda við 2. lið hennar. Ennfremur skal benda á að samkvæmt skattalögum þarf að aðgreina viðskipti með aflahlutdeild frá öðrum viðskiptum svo sem kaup á skipum af þeirri ástæðu að kaup á aflahlutdeild eru ekki fyrnanlegarleg. Eftirliti með þessu atriði lítur almennum reglum skatteftirlits sbr. hér að framan.

Virðingarfyllt  
  
 Indriði H Þorláksson

### Fylgiskjal III.

#### **Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra.** (Dags. 30. júlí 2002, G-Ákv. 02-1017.)

#### **Efni: Viðskipti með sjávarafla og aflamark**

Bréf þetta er ritað skattstjórum á grundvelli 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og 39. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Athygli ríkisskattstjóra hefur verið vakin á viðskiptum af tilteknum toga með sjávarafla og aflaheimildir milli útgerða og fiskvinnslufyrirtækja. Samkvæmt frásögnum eru viðskiptin með eftirgreindum hætti:

Samið er um kauprétt fiskvinnslu á tilteknum afla. Fyrir aflann skal fiskvinnslan greiða tiltekna fjárhæð í peningum, en jafnframt skal hún leggja útgerðinni til tiltekið aflamark (leigukvóta). Aflamarkið getur verið almennt aflamark, krókaaflamark, þorskaflahámark eða sóknardagar eftir því sem veiðileyfi viðkomandi skips eða báts stendur til. Algengt er að fyrir hvert tonn af óslægðum þorski leggi fiskvinnslan til aflamark fyrir tonn af þorski (tonn á móti tonni).

Af framangreindu tilefni vill ríkisskattstjóri taka eftirfarandi fram:

Við færslu viðskiptanna til bókar og í skattskilum verður að líta á viðskiptin í heild. Ljóst er að útgerðin fær fyrir afla, ekki aðeins þá greiðslu sem reidd er fram í peningum, heldur einnig aflamark. Heildarverð aflans er því samtala þeirrar fjárhæðar sem greidd er í peningum og verðmætis þess aflamarks sem lagt er til. Til tekna hjá útgerðinni, sbr. B-lið 7. gr. laga nr. 75/1981, ber að færa heildarverðið og telst það til virðisaukaskattsskyldrar veltu hennar, sbr. 11. gr. laga nr. 50/1988. Útgerðinni ber að tilgreina á sölureikningi heildarverð afla og virðisaukaskatt af því verði, sbr. 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 50/1988. Fiskvinnslan byggir síðan gjaldfærslu og innskattfærslu vegna kaupa á afla á sölureikningi útgerðar.

Aflamark eru bundið við tiltekið skip eða bát, sem veiðileyfi hefur. Fiskvinnsla getur ekki haft yfirráð aflamarks nema að eiga slíkt fley til að vista aflamark á. Dæmi eru um slíkt og er þá aflamark flutt af skipi fiskvinnslunnar til skips útgerðar. Algengara er þó í umræddum viðskiptum að fiskvinnslan eigi ekki skip og þar af leiðandi ekki aflamark. Gerast kaupin þá þannig að fiskvinnsla greiðir fyrir aflamark sem flutt eru af skipi seljanda þeirra yfir á skip útgerðar. Fiskvinnslan eignast þannig að formi til aldrei heimildina heldur leggur út fyrir henni.

Í síðarnefnda tilvikinu má ljóst vera að fé það sem fiskvinnslan reiðir fram við kaup aflamarks myndar, ásamt beinu fjárgreiðslunni fyrir aflann, heildarverð hans. Í fyrnefnda tilvikinu, þ.e. þegar fiskvinnslan hefur yfir að ráða úthlutuðu aflamarki, kann hins vegar að vera að verðmæti aflamarks liggja ekki fyrir með jafn óyggjandi hætti. Í slíkum tilvikum er rétt að miða verðmæti við almennt gangverð, sbr. skattverðsreglu 2. mgr. 8. gr. laga nr. 50/1988. Þar er kveðið á um að við skipti á vörum og þjónustu beri að miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Við að leiða fram almennt gangverð aflamarks má leita fanga hjá Fiskistofu þar sem skylt er að tilkynna henni flutning aflamarks og verð þess. Einnig er rétt að kanna gangverð aflamarks hjá kvótasölum, t.d. kvótamiðlun LÍÚ. Um gangverð á afla er hægt að afla upplýsinga hjá fiskmörkuðum og Verðlagsstofu skiptaverðs.

Í þeim tilvikum að fiskvinnsla framselur til útgerðar eigið aflamark er um sölu að ræða. Tekjur af slíkri sölu ber fiskvinnslunni að sjálfsögðu að færa sér til tekna í bókhaldi sínu og skattskilum. Í þessu sambandi skal ítrekað að um er að ræða sölu aflamarks (kvótaleigu), en ekki sölu aflahlutdeildar (kvótasölu), sem kaupanda bæri að eignfæra. Söluverð aflamarks telst til veltu undanþeginnar virðisaukaskatti, skv. 6. tl. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, eins og ákvæðið hefur verið túlkað í skattframkvæmd.

Aflamark, sem útgerðin kaupir með framangreindum hætti, hvort heldur er af fiskvinnslunni eða þriðja aðila fyrir milligöngu fiskvinnslunar, er henni heimilt að gjaldfæra. Sem tekjur af viðskiptunum ber að færa eins og að framan greinir heildarverðið sem fæst fyrir aflann í formi peningagreiðslu og aflaheimildar. Ekki er útgerðinni heimilt að færa aðeins þann hluta sem greiddur er í peningum til tekna. Slíkt samræmist hvorki ákvæðum laga nr. 50/1988 varðandi skattskylda veltu og skattverð, eins og að framan er rakið, né samræmist það ákvæði 6. gr. bókhaldslaga nr. 145/1994 um að bókhaldi skuli haga þannig að á skýran og aðgengilegan hátt megi rekja viðskipti og notkun fjármuna.

Sé aflamark flutt á skip útgerðar áður en gagngjaldið (aflinn) er afhent, þá verður að líta á flutninginn sem fyrirframgreiðslu sem útgerðinni ber að standa skil á virðisaukaskatti af, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 50/1988.

Virðingarfyllt

Bragi Gunnarsson  
Ingibjörg Ingvadóttir